

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/9/EB

2002/EES/16/08

frá 12. febrúar 2001

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/96/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/96/EB frá 20. desember 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/52/EB ⁽²⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á það var benti, í ökutækja- og olíuáætlunum, sem var hrundið af stað árið 1992 í því skyni að leggja greiningargrunn að losunarstöðlum frá ökutækjum og að gæðastöðlum fyrir eldsneyti og skulu gilda frá og með árinu 2000 þannig að takast megi að ná markmiðum um loftgæði, með sérstakri áherslu á að draga úr losun mengunarefna við flutninga á vegum, að staðlar um viðhald vélknúinna ökutækja eru mikilvægur þáttur að því er varðar áhrif umferðar á gæði andrúmslofts.
- 2) Í tilskipun 96/96/EB eru tilgreindar prófanir sem framkvæma skal við reglubundnar skoðanir til að ganga úr skugga um að losun, bæði frá ökutækjum knúnum bensín- og dísilhreyflum, sé innan viðunandi marka.
- 3) Prófa þarf, bæði við lítinn og mikinn snúningshraða, kolsýringsinnihald útblásturs frá bensínknúnum ökutækjum sem búin eru tilteknum eftirmeðferðarkerfum fyrir útblástur (Euro 1).
- 4) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB frá 13. október 1998 um ráðstafanir gegn loftmengun vegna útblásturs frá vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE ⁽³⁾ er kveðið á um að frá árinu 2000 skuli taka upp innbyggð greiningarkerfi (OBD), fyrir bensínknúnar bifreiðir og létt atvinnuökutæki, sem eiga að vakta starfsemi mengunarvarnarbúnaðar ökutækisins í notkun. Á sama hátt verður, frá árinu 2000, krafist innbyggðra greiningarkerfa fyrir ný, dísilknúin ökutæki.
- 5) Ætla má að þróun innbyggðra greiningarkerfa, sem geta vaktað og skráð bilanir í ökutækjum í gangi, dragi í framtíðinni úr þeim mun sem er á prófunaraðstæðum og raunverulegum notkunaraðstæðum.

- 6) Þessi tilskipun gerir prófun á bensínknúnum ökutækjum við lítinn snúningshraða í lausagangi óþarfa og einfaldar þannig prófunina en gerir hana jafnframt nákvæmari, með vöktun á starfsemi innbyggðs greiningarkerfis ökutækisins.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 8. gr. tilskipunar 96/96/EB og fjallar um aðlögun á tilskipuninni um prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að tækniframförum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 96/96/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessarar tilskipunar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjútíð. EB L 48, 17.2.2001, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2001 frá 13. júlí 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 47, 20.9.2001, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 142, 5.6.1999, bls. 26.

⁽³⁾ Stjútíð. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1.

VIÐAUKI

Í stað 4. töluliðar b-liðar liðar 8.2.1 II. viðauka við tilskipun 96/96/EB komi eftirfarandi:

„4. Útblástur úr útblástursröri - viðmiðunarmörk

a) Mæling með hreyfil í lausagangi:

Leyfilegur hámarksstyrkur kolmónoxíðs í útblásturslofti er sá styrkur sem framleiðandi ökutækisins gefur upp. Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir má styrkur kolmónoxíðs ekki fara yfir 0,5 % af rúmmáli.

b) Mæling við mikinn snúningshraða í lausagangi, hraði hreyfils að minnsta kosti 2000 sn./mín:

Leyfilegur hámarksstyrkur kolmónoxíðs í útblásturslofti er sá styrkur sem framleiðandi ökutækisins gefur upp fyrir mikinn snúningshraða í lausagangi. Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir má styrkur kolmónoxíðs ekki fara yfir 0,3 % af rúmmáli.

Hlutfall lofts miðað við eldsneyti, Lambda, skal vera $1 \pm 3\%$ eða í samræmi við forskriftir framleiðanda.

c) Að því er varðar ökutæki, sem eru búin innbyggðum greiningarkerfum í samræmi við tilskipun 98/69/EB, er aðildarríkjunum heimilt, í stað þeirra prófana sem eru tilgreindar í a-lið að staðfesta að útblásturskerfið starfi rétt með viðeigandi aflestri af innbyggða greiningartækinu og með því að athuga um leið hvort innbyggða greiningarkerfið starfi eðlilega.“
